

Nd.

257. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun fátækralaganna.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar í þessu máli. Lítum við svo á, að þar sem lög voru sett um þetta efni á síðasta þingi og flestar eða allar þær röksemdir, sem nú eru færðar gegn lögunum, komu til umræðu í fyrra og voru þá feldar, flestar með talsverðum atkvæðamun, þá sje ekki næg ástæða til eins og stendur að taka þessa löggjöf til nýrrar endurskoðunar.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Magnús Guðmundsson,
frsm.

Hákon J. Kristófersson.